

**236. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 18. ágúst 2025, í Stykkishólmi**

**Mætt:** Erla Friðriksdóttir formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Valdís Einarsdóttir, Magnús A. Sigurðsson, Arnar Kristjánsson, Karl Kristjánsson, Arnheiður Jónsdóttir og Sunna Björk Ragnarsdóttir mætti á Teams.

**Forföll:** engin

*Fundarritari:* Jakob Stakowski.

Formaður setti fund kl. 10.40

**1. Fundargerð 234. fundar og 235. fundar Breiðafjarðarnefndar**

Fundargerð 234. fundar nefndarinnar, sem var haldinn á Teams 13. júní 2025, og fundargerð 235. fundar nefndarinnar frá 4. júlí 2025.

**Afgreiðsla:**

Fundargerðir lesnar upp og samþykktar.

**2. Endurprentun minja- og göngukorts í Flatey**

Breiðafjarðarnefnd hefur styrkt prentun minja- og göngukorts fyrir Flatey í samstarfi við Fornleifastofnun Íslands. Í sumar kláruðust síðustu eintökin og hefur nefndin verið beðin um að fjármagna endurprentun á kortinu.

**Afgreiðsla:**

Breiðafjarðarnefnd ræddi endurprentun minja- og göngukortsins í ljósi fjárhagsstöðu ársins. Nefndin telur mikilvægt að endurprenta kortið en vill jafnframt skoða leiðir til að tryggja að nýting þess verði sem best og ekki aðeins bundin við skamman tíma ferðamanna á svæðinu. Nefndin ræddi nokkrar hugmyndir og mun leita samráðs við aðila í Flatey um hvernig dreifa megi kortunum á sem hagkvæmastan og skilvirkastan hátt.

**3. Framtíð Breiðafjarðar**

Breiðafjarðarnefnd hefur haft verkefnið framtíð Breiðafjarðar að leiðarljósi í sínu starfi síðan 2019.

Nefndin og ráðherra átti fund í apríl og júlí 2025 þar sem næstu skref verkefnis voru rædd og hugað var að því hvernig hægt væri að vinna áfram að framtíðar lausnum fyrir skilvirkari vernd Breiðafjarðarsvæðisins.

**Afgreiðsla:**

Lagt fram til kynningar tölvupóstur frá umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu með upplýsingum um stöðu verkefnisins *Framtíð Breiðafjarðar* eftir að stýrihópur skilaði niðurstöðum sínum í júlí 2024.

Nefndin ræddi fundinn með ráðherra í Flatey í júlí og þær niðurstöður sem þar komu fram.

Starfsmaður nefndarinnar kynnti stutt drög að skýrslu sem hann hafði undirbúið fyrir fundinn. Nefndin samþykkti að gera nokkrar breytingar á drögunum áður en þau verða tekin aftur til umfjöllunar á næsta fundi.

Í framhaldinu lagði nefndin grunn að vinnu næstu mánaða með það að markmiði að halda áfram með verkefnið Framtíð Breiðafjarðar á komandi starfstímabili.

#### **4. Umræða vegna deiliskipulagsbreytinga í Flatey**

Breiðafjarðarnefnd skilaði nýlega umsögn vegna fyrirhugaðra deiliskipulagsbreytinga í Flatey á Breiðafirði.

##### **Afgreiðsla:**

Nefndin ræddi skipulagstillögu í Flatey og almennt skipulagsmál innan verndarsvæðis Breiðafjarðar.

Nefndin lagði áherslu á mikilvægi þess að vanda til allrar uppbyggingar innan verndarsvæðisins og tryggja að verndargildi svæðisins sé ávallt haft að leiðarljósi.

#### **5. Samantekt um starfstímabil Breiðafjarðarnefndar 2021 til 2025 og horfur fyrir komandi starfstímabil**

Núverandi starfstímabil Breiðafjarðarnefndar er að koma á enda. Ný nefnd tekur væntanlega við í lok ágúst eða september.

##### **Afgreiðsla:**

Breiðafjarðarnefnd fór yfir helstu verkefni og mál tímabilsins og ræddi möguleg verkefni sem vinna mætti að á næsta tímabili, m.a. til að vekja athygli á mikilvægum þáttum Breiðafjarðar, svo sem ágengum tegundum, tegundum á valista og vinnu nefndarinnar síðustu ára.

Nefndin skráði nokkur verkefni sem starfsmaður hennar mun hafa til hliðsjónar á næstu fundum þegar framkvæmdaáætlun 2025–2029 verður tekin fyrir hjá nýrri Breiðafjarðarnefnd.

#### **6. Önnur mál**

Jónsnes og Búðarnes: Breiðafjarðarnefnd hefur óskað eftir upplýsingum frá Sveitarfélaginu Stykkishólmi um skipulag við Jónsnes og Búðarnes. Nefndin mun ítreka sínar athugasemdir og sendir ítrekun um málsmeðferð vegna skipulags við Jónsnes. Varðandi Búðarnes hefur nefndinni enn ekki borist svar, þrátt fyrir að hún ítrekaði málið við sveitarfélagið í mars 2025.

Hraunsfjörður: Breiðafjarðarnefnd vinnur að mögulegri endurheimt Hraunsfjarðar við Breiðafjörð. Nefndin hefur orðið vör við skemmdir á stíflunni við Mjósund sem hafa valdið rofi á bökkum svæðisins. Breiðafjarðarnefnd mun upplýsa Vegagerðina um stöðu stíflunnar.

Engin önnur mál rædd.



Næsti fundur Breiðafjarðarnefndar verður Teams fundur en nákvæm tímasetning verður ákveðið síðar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14.45.